



Skýrsla Fjármála- og áhættustýringarsviðs

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar-september 2022

Lagt fram í borgarráði
1. desember 2022

Borgarráð

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar-september 2022 samanstendur af samanteknum reikningi A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Jafnlaunastofa sf., Íþróttta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs., Strætó bs og Þjóðarleikvangur ehf. auk Aflvaka hf. Enginn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs, Strætó og Þjóðarleikvangs er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþróttta- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Jafnlaunastofa sf. hóf rekstur undir lok árs 2021 og er fjármöguð með framlögum frá eigendum. Félagið er í helmingseigu Reykjavíkurborgar. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samantekins ársreiknings Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 6.777 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að reksturinn yrði jákvæður um 6.019 m.kr. sem var 758 m.kr. betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Afkoma samantekins ársreiknings A- og B-hluta var 8.752 m.kr. lægri en á sama tímabili árið 2021.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 11.084 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 1.632 m.kr. Niðurstaðan var því 9.452 m.kr. lakari en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 7.457 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 3.000 m.kr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 4.457 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 12.362 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 9.549 m.kr. og var niðurstaðan því um 2.813 m.kr. lakari en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 742 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 7.379 m.kr. og niðurstaðan því 6.637 m.kr. lakari en áætlað var.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar janúar-september 2022 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.


Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efnisyfirlit

1.	Samantekinn reikningur A- og B-hluta	3
1.1.	Rekstur A- og B-hluta.....	3
1.2.	Efnahagur A- og B-hluta.....	6
1.3.	Sjóðstreymi A- og B-hluta	7
2.	A-hluti.....	12
2.1.	Rekstur A-hluta.....	12
2.2.	Efnahagur A-hluta.....	15
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta	17
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta	20
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring.....	22
2.4.2.	Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta.....	23
	Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur	24
	Viðauki 2: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	28
	Viðauki 3: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum.....	29

1. Samantekinn reikningur A- og B-hluta



1.1. Rekstur A- og B-hluta




Rekstrarniðurstaða samantekins reiknings A- og B-hluta var jákvæð um 6,8 ma.kr. sem var 758 m.kr. betri niðurstaða en áætlað var.

Grunnrekstur A- og B-hluta, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 26,9 ma.kr. í afgang sem var um 4,2 ma.kr. undir áætlun og 372 m.kr. lakari niðurstaða samanborið við sama tímabil í fyrra.

Tekjur tímabilsins voru 844 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en tekjurnar voru 12,6 ma.kr. eða 8,4% hærri á sama tímabili í fyrra. Það eru einkum útsvarstekjur sem leiða vöxt tekna þar sem fjöldi starfandi hefur aukist á undanförunum mánuðum auk þess sem launavísitala hækkaði um 7,9% á fyrstu níu mánuðum ársins. **Rekstrargjöld** voru 3,4 m.kr. yfir fjárheimildum en rekstrargjöldin jukust um 12,9 ma.kr. miðað við sama tímabil 2021.




Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta janúar-september 2022 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)



Skatttekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði voru 96 m.kr. undir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 344 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða 1%. Laun og launatengd gjöld voru 1 ma.kr. yfir fjárheimildum og annar rekstrarkostnaður var 1,5 ma.kr. yfir fjárheimildum. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar var 846 m.kr. yfir fjárheimildum þar sem mikil niðursveifla hefur verið á hlutabréfamarkaði sem hefur áhrif á eignir lífeyrissjóðsins. Matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða voru 16,1 ma.kr. hærri en áætlað hafði verið. Há verðbólga á tímabilinu skýrir að stórum hluta aukinn fjármagnskostnað A- og B-hluta.


Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta janúar - september breyting rauntalna milli ára (m.kr.)



Ef litið er á þróun helstu liða samanborið við sama tímabil 2021 þá sést að skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga jukust um 6,6 ma.kr. einkum staðgreiðslan sem hækkaði um 7,1 ma.kr. milli tímabila. Vöxtur annarra tekna var um 5,1 ma.kr. Laun og launatengd gjöld jukust um 6 ma.kr. einkum A-hluta megin eða um 5,1 ma.kr. en hækkanin var 911 m.kr. hjá B-hlutanum. Fjármagnsliðirnir voru mun hærri í ár en á sama tímabili 2021 og munar þar mest um annars vegar að vaxtagjöld og verðbætur voru 11,4 ma.kr. hærri en í fyrra að hluta til vegna hærri verðbólgu og að álafleiðan var neikvæð um 2,4 ma.kr. í ár en jákvæð um 7,9 ma.kr. í fyrra og er það 10,3 ma.kr. viðsnúningur.


Matsbreytingar fjárfestingareigna Félagsbústaða hækka um 6,5 ma.kr. milli tímabila en miklar hækkanir á íbúðaverði að undanförunu voru að skila sér inn í matið.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld A- og B-hluta janúar-september 2022 (m.kr.)



Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 23,3 ma.kr. þar af námu vaxtagjöld og verðbætur 24 ma.kr. Jákvæður gengismunur nam 1,9 ma.kr. en krónan styrktist um 3,4% á tímabilinu. Í áætlun var gert ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 11,2 ma.kr. Fjárhagsáætlun gerð ráð fyrir um 2,5% verðbólgu á tímabilinu janúar til september, í samræmi við Þjóðhagsspá Hagstofunnar, en raunin varð 7,8%.¹


Matsbreyting fjárfestingaeigna



Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða á tímabilinu janúar-september 2022 námu 20,6 ma.kr. sem endurspeglar hækkun fasteignamats á tímabilinu febrúar 2021 til febrúar 2022 umfram vísitöluhækkun febrúar 2021 til áramóta 2021 og hækkun vísitölu frá febrúar 2022 og til loka september 2022.

¹ Fjármagnsliðir sem miðast við vísitölu neysluerðs eru reiknaðir upp miðað við vísitölu neysluerðs til verðtryggingar sem er með tveggja mánaða töf.

Álafleiða OR og gengismunur OR




Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið samstæðunnar eins og myndin hér að ofan sýnir. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 nam tekjufærsla vegna gengismunar 1,9 ma.kr. en gjaldfærsla vegna álafleiðunnar var 2,4 ma.kr.

1.2. Efnahagur A- og B-hluta

Efnahagur A- og B-hluta (m.kr.)	30.9.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	167.385	158.788	8.597	5,4%
Veitukerfi	367.395	352.484	14.910	4,2%
Fjárfestinga eignir	148.029	123.732	24.296	19,6%
Götur	32.588	29.421	3.168	10,8%
Aðrir fastafjármunir	23.620	22.931	688	3,0%
Langtímakröfur	11.729	10.262	1.468	14,3%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.997	9.300	-303	-3,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	49.440	53.224	-3.783	-7,1%
Handbært fé	25.202	30.424	-5.221	-17,2%
Eignir samtals	834.386	790.566	43.820	5,5%
Eigið fé	396.637	383.264	13.373	3,5%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	36.053	35.025	1.029	2,9%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.344	2.344	0	0,0%
Aðrar skuldbindingar	23.144	21.023	2.120	10,1%
Langtímalán	300.542	280.563	19.979	7,1%
Leiguskuldir	11.258	11.536	-278	-2,4%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	25.711	21.046	4.664	22,2%
Aðrar langtímaskuldir	1.083	1.264	-181	-14,3%
Fyrirfram innborganir	3.618	1.951	1.667	85,4%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	33.996	32.550	1.446	4,4%
Skuldir og skuldbindingar samtals	437.749	407.302	30.446	7,5%
Skuldir og eigið fé samtals	834.386	790.566	43.820	5,5%


Hækkun eigin fjár skýrist auk 6,8 ma.kr. hagnaðar að mestu af þýðingarmun vegna eigna OR sem gerðar eru upp í erlendum gjaldmiðlum og nam 6,5 ma.kr. og kemur einnig til hækkunar á eigin fé.



Hreinar vaxtaberandi skuldir² jukust um 30,4 ma.kr. frá áramótum en hreinar skuldir jukust um 39,2 ma.kr. Þar af jukust hreinar vaxtaberandi skuldir hjá A-hluta um 17,6 ma.kr. og hreinar skuldir um 25,1 ma.kr. Verðbólga á mestan þátt í aukningu skulda A- og B-hluta en liðurinn verðbætur, afföll og gengismunur var 14,3 ma.kr. og þar af var gengismunur um 1,9 ma.kr. Lækkun handbærs fjár, verðbréfa og bundinna bankainnstæðna nam um 5,9 ma.kr. frá áramótum. Lántaka og nýjar leiguskuldir umfram afborganir námu um 4,5 ma.kr. á tímabilinu.

Athgli er vakin á að við útreikning á hlutfalli hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi skulda af tekjum er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.


1.3. Sjóðstreymi A- og B-hluta




Handbært fé lækkaði á tímabilinu um 5,2 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum og seldum byggingarrétti námu 33,1 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 18,5 ma.kr. tímabilinu og afborganir lána og leiguskulda námu 14,5 ma.kr.

² Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf A- og B-hluta kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.



Greiðslugeta A- og B-hluta til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Myndin sýnir að veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur standa ekki undir fjárfestingum nema að hluta.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A- og B-hluta Reykjavíkurborgar janúar – september síðastliðin 5 ár³.

A- og B-hluti	2018_09*	2019_09*	2020_09	2021_09	2022_09
Eiginfjárlutfall	49,1%	49,0%	48,0%	46,9%	47,5%
Veltufjárlutfall	1,20	1,18	1,14	1,53	1,14
Langtímaskuldir/eigið fé	70,7%	71,5%	76,3%	82,1%	78,9%
Uppgreiðslutími	6	6	10	12,0	13,4
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	22,0%	21,5%	15,3%	13,1%	11,7%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	27,0%	23,3%	19,0%	18,3%	16,7%

*Óbreytt skv. eldri útgáfu af reglugerð 1212

³ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára.

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:









- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 6,8 ma.kr. sem var 758 m.kr. yfir áætlun. Mesta frávikið var í matsbreytingu fjárfestingaegna Félagsbústaða sem var 16,1 ma.kr. yfir áætlun en nettó fjármagnsgjöld um 12,1 ma.kr. meiri en áætlað var sem að hluta má rekja til aukinnar verðbólgu en neysluverðvísitala hækkaði um 7,8% frá áramótum en áætlun gerði ráð fyrir 2,5% hækkun.
- Reikningsskil byggðasamлага og sameignarféлага í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru í þessum árshlutareikningi færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.
- Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.
- Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 11,1 ma.kr. og var 9,5 ma.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur voru 344 m.kr. undir áætlun en rekstrarútgjöld A-hluta með afskriftum voru 4,1 ma.kr. yfir fjárheimildum, þar af var launakostnaður 1,7 ma.kr. yfir fjárheimildum. Þá voru fjármagnsliðir 5 ma.kr. yfir fjárheimildum sem að hluta má rekja til aukinnar verðbólgu á tímabilinu.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu Félagsbústaða vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem hækkaði um 2,2% á milli ára, en tekjur hækkuðu um 11,4% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 19,3%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, sendi Innviðaráðuneytinu, ráðuneyti sveitarstjórnarmála, fyrirspurn dags. 13. október 2021 um innleiðingu Alþjóðlegra reikningsskilastaða (e. International Accounting Standards) vegna kvörtunar sem stofnuninni barst þann 23. ágúst 2021. Í kvörtuninni er sérstaklega vísað til reikningsskila Félagsbústaða hf. og meðhöndlunar á fjárfestingaegnum félagsins. Fyrirspurninni var svarað þann 17. desember 2021. Viðbótarfyrirspurn ESA dags. 3. feb. 2022 var svarað 29. apríl 2022.
- Rekstrarniðurstaða OR var jákvæð uppá 4.744 m.kr. og lækkaði um 6.173 m.kr. samanborið við sama tímabili í fyrra. Meginskýring á lækkun afkomu er vegna breytinga á gangvirði innbyggðra afleiða sem var jákvæð um 7.864 m.kr. á fyrstu níu mánuðum 2021 en er nú neikvæð um 2.401 m.kr. auk þess sem áfallnar verðbætur voru 6.604 m.kr. en voru á fyrstu níu mánuðum ársins í fyrra 2.684 m.kr.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Reykjavíkurborg hefur brugðist við erfiðri stöðu A-hluta með samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir sem gera ráð fyrir að þær verði 25 ma.kr. í stað 32,4 ma.kr. í árslok. Þá gerir ný fjárhagsáætlun fyrir árið 2023-2027 ráð fyrir samdrætti miðað við fyrri áætlanir og hagræðingaraðgerðir til að ná jafnvægi í rekstri og styrkja veltufé frá rekstri. Auk þess hefur fjármálastefna borgarinnar verið endurskoðuð með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu og efnahagslegu ytra umhverfi. Mikilvægt er að fylgja vel eftir þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til og með þeim hætti að tryggja sjálfbærni í rekstri borgarinnar.
- Í borgarreknum grunnskólum er raunkostnaður 577 m.kr. umfram fjárheimildir. Á síðasta ári var samþykkt nýtt reiknilíkan fyrir grunnskóla og fjárheimildir auknar um 1,5 ma.kr. Samhliða nýja líkaninu voru samþykktar reglur um eftirlit með rekstri grunnskóla þar sem kemur fram hvernig bregðast skal við frávikum. Mikilvægt er að sviðið framfylgi þessum leikreglum og að stjórnendur móti aðgerðir til að rekstur stofnana verði innan fjárheimilda á árinu 2022.
- Í borgarreknum leikskólum er raunkostnaður 1.254 m.kr. eða 10,4% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Útgjöld vegna leikskóla hafa frá árinu 2019 aukist yfir 40% miðað við fyrstu níu mánuði ársins á meðan barnafjöldi hefur aðeins aukist um 2,8%. Þessi kostnaðarauki skýrist ekki eingöngu af ytri aðstæðum svo sem launa og eða verðlags hækkunum. Það er afar mikilvægt að komið sé á jafnvægi í rekstri leikskóla og hraða útfærslu á nýju leikskólalíkani.
- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 14.296 m.kr. en tekjur námu aðeins 6.648 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 7.647 m.kr. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 2. Í maí sl. skilaði Starfshópur um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020 á vegum Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins niðurstöðum sem staðfestu mikla vanfjármögnun á málaflöknum. Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur skipað nýjan starfshóp sem hefur verið falið að gera tillögu að kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflöknum sem tekur mið af útgjöldum sveitarfélaganna vegna reksturs málaflöksins.

- Útgjöld vegna barna með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir voru 977 m.kr. umfram fjárheimildir. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.
- Útgjöld vegna barnaverndar voru 569 m.kr. umfram fjárheimildir. Kostnaður hefur aukist afar mikið á síðustu árum og ekki síst í kjölfar Covid-19. Þá hefur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undanförunum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Það er mikilvægt að mörkuð sé stefna um fjármögnun málaflokksins til lengri tíma litið.
- Framlegð OR (EBITDA / rekstrartekjur) er um 62,2% og hefur veikst um 2,4%-stig miðað við sama tímabil í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán OR sem hafa eigendaábyrgð nema um 65,2 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 61,0 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjárhagsstaða Strætó er afar erfið um þessar mundir. Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 1.069 m.kr. á tímabilinu sem umtalsvert lakara en áætlun gerði ráð fyrir. Eigendur veittu 520,4 m.kr. eða 1,5 mánaðar viðbótarframlag í október 2022. Eigið fé var neikvætt um 226 m.kr. í lok september og stefnir í að vera neikvætt um næstu áramót verði ekki viðsnúningur í rekstri. Eigendur hafa falið fjármálastjórum sveitarfélaganna að undirbúa tillögur um rekstur og fjármagnsskipan Strætó bs. til næstu ára til að tryggja sjálfbærni félagsins í samráði við stjórnendur fyrirtækisins.


Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A- og B-hluta ⁴



⁴ Árin 2018-2019 miðast Uppgjör samkvæmt eldri reglugerð 1212 en árin 2020 -2022 miðast við nýjstu breytingar á reglugerð 1212.

2. A-hluti

2.1. Rekstur A-hluta



Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Frávik	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Staðgreiðsla	77.507	77.852	-345	-0,4%	70.439	7.068	10,0%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-9.885	-9.437	-448	4,7%	-9.138	-747	8,2%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.884	2.556	328	12,8%	4.878	-1.993	-40,9%
Nettó útsvar	70.507	70.971	-464	-0,7%	66.179	4.328	6,5%
Fasteignaskattar	16.501	16.464	38	0,2%	15.414	1.088	7,1%
Lóðarleiga	1.516	1.468	48	3,3%	1.379	137	9,9%
Fasteignaskattar samtals	18.017	17.931	86	0,5%	16.792	1.225	7,3%
Skatttekjur samtals	88.524	88.903	-379	-0,4%	82.971	5.553	6,7%
Framlög Jöfnunarsjóðs	6.920	6.721	198	3,0%	5.882	1.038	17,6%
Þjónustutekjur	9.364	8.867	497	5,6%	8.138	1.226	15,1%
Eignatekjur	22.433	22.222	211	1,0%	19.017	3.416	18,0%
Sala byggingaréttar	2.241	3.750	-1.509	-40,2%	1.910	331	17,3%
Söluhagnaður eigna	665	299	366	122,5%	106	560	527,9%
Endurgreiðslur annarra	4.268	3.283	985	30,0%	3.926	342	8,7%
Aðrar tekjur	2.191	2.047	145	7,1%	2.067	124	6,0%
Milliviðskipti tekin út	-24.621	-23.761	-860	3,6%	-20.488	-4.133	20,2%
Rekstrartekjur samtals	111.987	112.331	-344	-0,3%	103.529	8.458	8,2%
Laun og launatengd gjöld	-67.826	-66.138	-1.688	2,6%	-62.701	-5.125	8,2%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-2.925	-2.025	-900	44,4%	-2.513	-413	16,4%
Launakostnaður samtals	-70.751	-68.163	-2.588	3,8%	-65.214	-5.537	8,5%
Annar rekstrarkostnaður	-43.512	-41.743	-1.769	4,2%	-39.005	-4.507	11,6%
Afskriftir	-5.181	-5.425	245	-4,5%	-4.618	-563	12,2%
Rekstrargjöld samtals	-119.443	-115.331	-4.112	3,6%	-108.837	-10.606	9,7%
Fjármagnsliðir	-3.627	1.368	-4.995	-365,1%	230	-3.858	-1673,9%
EBITDA	-2.276	2.426	-4.702	-193,8%	-690	-1.586	230,0%
EBIT	-7.457	-3.000	-4.457	148,6%	-5.308	-2.149	40,5%
Rekstrarniðurstaða	-11.084	-1.632	-9.452	579,4%	-5.077	-6.006	118,3%

Miklar og ófyrirséðar sviptingar hafa verið í ytra efnahagsumhverfi borgarinnar á líðandi ári en þegar kórónaveirufaraldrinum slotaði í upphafi ársins tóku stríðsátök við sem hafa valdið viðvarandi vandamálum í aðfangakeðjum og sett hagkerfi heimsins í uppnám. Áætlanir borgarinnar gerðu ráð fyrir að viðsnúningur yrði kröftugur á árinu 2022 og að hagkerfi heimsins kæmst á sama stað og fyrir heimsfaraldur kórónaveiru. Það hefur gengið vel að ná niður atvinnuleysi en verðbólga mælist mun hærrí en spáð var, bæði hérlendis sem og í öllum okkar helstu viðskiptalöndum. Þá hefur óvissa á fjármálamörkuðum vaxið mikið sem m.a. hefur endurspeglast í lækkun hlutabréfaverðs og hækkandi ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði. Þessi breytta staða í ytra umhverfi endurspeglast í rekstrarniðurstöðu borgarinnar á tímabilinu.


Reykjavíkurborg hefur brugðist við erfiðri stöðu með samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir sem gera ráð fyrir að þær verði 25 ma.kr. í stað 32,4 ma.kr. í árslok. Þá gerir ný fjárhagsáætlun fyrir árið 2023-2027 ráð fyrir samdrætti miðað við fyrri áætlanir og hagræðingaraðgerðir til að ná jafnvægi í rekstri og styrkja veltufé frá rekstri. Auk þess hefur fjármálastefna borgarinnar verið endurskoðuð með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu og efnahagslegu ytra umhverfi.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 11 ma.kr. sem var 9,5 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlað var. Ef frá eru tekin nettó útgjöld af rekstri málefna fatlaðs fólks sem nam 7,6 ma.kr á tímabilinu var niðurstaðan neikvæð um 3,4 ma.kr. Nettó útgjöld af rekstri málefna fatlaðs fólks voru 129 m.kr. yfir fjárheimildum.

Grunnrekstur A-hluta, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, var neikvæð um 2,3 ma.kr. sem var um 4,7 ma.kr. verri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Grunnreksturinn var 1,6 ma.kr. verri en á sama tímabili árið 2021.

Tekjur: Skatttekjur voru 88,5 ma.kr. eða 379 m.kr. undir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 345 m.kr. undir áætlun. Staðgreiðsla útsvars hækkaði um 7,1 ma.kr. borið saman við sama tímabil 2021. Hækkun útsvars má rekja til meiri spennu á vinnumarkaði og vegna launaþróunar. Almenn atvinnuleysi í Reykjavík hefur lækkað talsvert og var um 2,9% í október og hefur ekki verið lægra síðan í nóvember 2018. Fjöldi starfandi í Reykjavík hefur verið að fjölga undanfarið og var á þriðja ársfjórðungi tæplega 74 þúsund manns sem er 5,1% fleiri en voru á sama ársfjórðungi 2021. Meðalfjöldi unninna vinnustunda á höfuðborgarsvæðinu lækkaði í heimsfaraldrinum en hefur ekki verið hækka aftur þrátt fyrir meiri spennu á vinnumarkaði vegna styttingu vinnuvikunnar. Launavísitalan hækkaði fyrstu 9 mánuði ársins um 7,9% en forsendur áætlunar gera ráð fyrir að launakostnaður hækki um 5,4% á árinu. Tekjur vegna **skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna** voru 328 m.kr. yfir áætlun en 2 ma.kr. lægri saman borið við sama tímabil 2021. **Fasteignaskattar**⁵ voru 18 ma.kr. eða 86 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra**⁶ voru 985 m.kr. yfir áætlun, þar af voru endurgreiðslur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 808 m.kr. yfir áætlun og ýmsir styrkir 177 m.kr. yfir áætlun. Mest frávik voru í tekjum vegna móttöku flóttafólks 165 m.kr. en ekki var áætlað fyrir þeim lið. **Sala byggingarréttar** nam 2,2 ma.kr. og var 1,5 ma.kr. undir áætlun.

Gjöld: Laun og launatenggjöld námu 68 ma.kr. og voru um 1,7 ma.kr. yfir fjárheimildum. Mest frávik voru á skóla- og frístundasviði 1,2 ma.kr. og á velferðarsviði 688 m.kr. Hluti launafrávika skýrist af Covid-19 tengdum kostnaði á fyrsta ársfjórðungi og aukinni eftirspurn eftir velferðarþjónustu, en tekjur koma að hluta til á móti auknum launakostnaði á velferðarsviði. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 2,9 ma.kr. og var 900 m.kr. yfir áætlun. Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar v. LsRb verði 3,9 ma.kr. yfir árið í stað 2,7 ma.kr. eins og áætlun gerir ráð fyrir. Hækkunina má að mestu rekja til lækkunar á hlutabréfaeign lífeyrissjóðsins. **Annar rekstrarkostnaður** nam 43,5 ma.kr. og var um 1,8 m.kr. yfir fjárheimildum.⁷



⁵ Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að frádregnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.

⁶ Nánari sundurliðun á endurgreiðslum annarra er að finna í umfjöllun um Aðalsjóð í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

⁷ Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með árs hlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar – september 2022.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var um 9,5 ma.kr. lakari en áætlað var í endurskoðaðri fjárhagsáætlun sem rekja má til aukins launa og rekstrarkostnaðar, lægri tekna af sölu byggingarréttar auk þess sem verðbólga hefur mikil áhrif á fjármagnsliðinn.

Rekstur málaflokkanna

Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða jan.-sept. 2022	Áætlun jan.-sept. 2022	Frávik	%	Nettó útgjöld málflokka í hlutfalli af skatttekjum A- hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	1.089	1.079	10	1%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	3.271	3.025	245	8%	3%
Íþróttá- og tómstundasvið	7.893	7.855	38	0%	8%
Menningar- og ferðamálasvið	4.565	4.615	-50	-1%	5%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	296	288	9	3%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnýslu	1.412	1.456	-43	-3%	1%
Skóla- og frístundasvið	50.803	49.490	1.312	3%	53%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	10.327	9.816	511	5%	11%
Velferðarsvið án bundinna liða	26.188	25.351	837	3%	27%
Velferðarsvið, bundnir liðir	4.646	4.425	222	5%	5%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	2.364	2.291	73	3%	2%
Sameiginlegur kostnaður án					
Lífeyrisskuldbindinga við LsRb	2.560	2.722	-162	-6%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	2.925	2.025	900	44%	3%
Málflokkar Aðalsjóðs samtals	118.340	114.438	3.903	3%	124%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					95.443
Eignaskrifstofa	-13.540	-12.650	-889	7%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnýslu ES	-2.013	-3.501	1.488	-43%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignarsjóðs	2.314	2.542	-228	-9%	
Málflokkar Eignarsjóðs samtals	-13.239	-13.610	371	-3%	


Rekstur málflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 3 ma.kr. yfir fjárheimildum en þar af var skóla- og frístundasvið 1,3 ma.kr. yfir fjárheimildum. Grunnskólahlutinn var 508 m.kr. yfir fjárheimildum og leikskólahlutinn 1 ma.kr. yfir fjárheimildum. Velferðarsvið án bundinna liða⁸ var 837 m.kr. yfir fjárheimildum þar sem mest frávik voru vegna þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraksanir eða 977 m.kr. Umhverfis- og skipulagssvið var 511 m.kr. yfir fjárheimildum einkum vegna vetrarþjónustu sem var 488 m.kr. yfir fjárheimildum. Í síðari hluta töflunnar má sjá hversu hátt hlutfall af skatttekjum þ.e. útsvari og fasteignaskatti er varið til viðkomandi málflokka. Nettó útgjöld til þeirra námu 118 ma.kr. en skatttekjur A-hluta ásamt framlögum frá Jöfnunarsjóði námu 95 ma.kr.

Hjá eignaskrifstofu voru mest frávik í tekjum af sölu eigna sem var 366 m.kr. yfir áætlun. Frávik hjá skrifstofum miðlægrar stjórnýslu í Eignarsjóði skýrist af lægri tekjum af sölu byggingarréttar sem var 1,5 ma.kr. undir áætlun.

⁸ Bundnir liðir eru fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur.


Sveiflukenndir liðir

Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölu byggingaréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum. Á myndinni hér að neðan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin 5 ár.



2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	30.9.2022	31.12.2021	Breyting	%
Óefnislegar eignir - hugbúnaður	3.272	2.044	1.228	60,1%
Fasteignir og lóðir	143.587	134.340	9.247	6,9%
Götur	32.133	28.973	3.160	10,9%
Áhöld og tæki	5.855	5.930	-75	-1,3%
Leigueignir	4.814	5.034	-220	-4,4%
Langtímakröfur	16.076	14.796	1.280	8,6%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.571	8.860	-289	-3,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	19.014	21.226	-2.211	-10,4%
Handbært fé	12.605	15.276	-2.671	-17,5%
Eignir samtals	245.928	236.480	9.448	4,0%
Eigið fé	80.811	91.895	-11.084	-12,1%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	35.379	34.394	985	2,9%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.309	2.309	0	0,0%
Langtímalán	88.564	75.120	13.444	17,9%
Leiguskuldir	10.154	9.961	193	1,9%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	5.511	4.251	1.260	29,7%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	23.199	18.550	4.649	25,1%
Skuldir og skuldbindingar samtals	165.117	144.585	20.532	14,2%
Skuldir og eigið fé samtals	245.928	236.480	9.448	4,0%



Breytingar á **hreinum vaxtaberandi skuldum**⁹ á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 má að mestu rekja til lántöku tímabilsins og verðbóta af lánum A-hluta. Aukningin í **hreinum skuldum** má auk lántöku og verðbóta að mestu rekja til að launaútborgun hvers mánaðar er greidd út fyrsta næsta mánaðar en laun vegna desembermánaðar eru greidd í árslok.

Athygli er vakin á að við útreikning á hlutfalli hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi skulda af tekjum er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta janúar-september 2022								
	Staðan í m.kr.	Staðan 31.12.2021	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtíma- skulda	Staðan 30.09.2022
Lífeyrisskuldbinding*		36.703		-1.940		2.925		37.688
Langtímaskuldir*		78.246	10.508	-2.561	6.598			92.791
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki*		3		-3	0			0
Leiguskuldbindingar*		11.083	283	-882	955			11.439
Skammtímaskuldir við lánastofnanir		40					86	126
Víðskiptaskuldir		5.326					-1.016	4.311
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki		555					1.067	1.621
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)		87					-7	80
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof		9.980					4.162	14.142
Aðrar skammtímaskuldir		2.562					357	2.919
		144.585	10.792	-5.387	7.553	2.925	4.649	165.117


* ásamt næsta árs afborgunum

Hér má sjá yfirlit yfir þróun skulda og skuldbindinga frá áramótum. Lántökuáætlun ársins vegna framkvæmda hljóðar upp á 25.000 m.kr. og var í lok september búið að taka lán með áföllnum vöxtum að fjárhæð 12.586 m.kr. Hækkun skammtímaskulda á eigin fyrirtæki má einkum rekja til að lokagreiðsla vegna kaupa á Hafnarhúsi verður í janúar 2023. Hækkun launaliðarins skýrist að mestu af að útborgun launa fór fram eftir mánaðamót.


⁹ Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.


2.3. Sjóðstreymi A-hluta



Handbært fé frá áramótum til loka september lækkaði um 2,7 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum og byggingarétti námu 15,9 ma.kr. Lántaka tímabilsins nam 10,5 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa um 2 ma.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 3,4 ma.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum nam 0,8% á tímabilinu. Vegna aukinna útgjalda hefur veltufé frá rekstri dregist umtalsvert saman.












Greiðslugeta A-hluta vegna afborgana, fjárfestinga og framlags vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta Reykjavíkurborgar janúar – september síðastliðin 5 ár:¹⁰


A-hluti	2018_09	2019_09	2020_09	2021_09	2022_09
Eiginfjárlutfall	46,9%	46,7%	44,9%	37,7%	32,9%
Arðsemi eigin fjár	12,7%	7,1%	-1,1%	-7,4%	-16,1%
Veltufjárlutfall	1,23	1,41	1,47	1,58	1,02
Langtímaskuldir/eigið fé	51,2%	55,0%	62,6%	93,5%	122,2%
Uppgreiðslutími	3	4	8	39	90
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	12,8%	8,6%	2,3%	-0,7%	-2,0%

¹⁰ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



2.4. Fjármagnsliður A-hluta




Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs og Eignasjóðs.


Fjármagnsliður A-hluta var neikvæður um 3.628 m.kr. á tímabilinu sem er 4.995 m.kr. verri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármunatekjur A-hluta voru 4.766 m.kr. sem var 771 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Lakari niðurstaða skýrist einna helst af lægri arðgreiðslum en gert var ráð fyrir eða 578 m.kr. en einnig var ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár 287 m.kr. undir áætlun. Á móti voru ýmsar vaxtatekjur um 94 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Erfiðar aðstæður hafa verið á skuldabréfamarkaði það sem af er ári og ávöxtun á skuldabréfasafni Reykjavíkurborgar sem er í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum neikvæð á tímabilinu.

Fjármunsgjöld A-hluta voru yfir áætlun en þau voru 8.393 m.kr. í stað 4.170 m.kr. í áætlun sem er 4.224 m.kr. umfram áætlun. Skýrist það af 4.250 m.kr. hærri vaxta- og verðbóttagjöldum vegna hærri verðbólgu en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir. Fjárhagsáætlun gerð ráð fyrir um 2,5% verðbólgu á tímabilinu janúar til september, í samræmi við Þjóðhagsspá Hagstofunnar, en raunin varð 7,8%. Greidd og reiknuð fjármunsgjöld eru miðuð við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem er hefðbundin vísitala neysluverðs með tveggja mánaða töl. Einnig var greiddur fjármagnstekjuskattur 74 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir, m.a. vegna skuldabréfasafns. Á móti hefur lántökukostnaður og dráttarvaxtagjöld verið um 100 m.kr. undir áætlun.




Handbært fé A-hluta í lok september 2022 var 12.605 m.kr. sem skiptist að stærstum hluta í skuldabréfasafn 6.972 m.kr., peningamarkaðsinnlána 1.268 m.kr. og innstæðu á veltureikningi 4.365 m.kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé yrði 13.154 m.kr. í lok tímabilsins. Handbært óx frameftir ári en lækkaði svo á öðrum ársfjórðungi og hefur verið nokkuð stöðugt á þriðja ársfjórðungi. Handbært fé er 549 m.kr. lægra en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist meðal annars af því að lántaka hefur verið minni en áætlunir gerðu ráð fyrir eða 12.586 m.kr. í stað 17.500 m.kr.




Ávöxtun á handbært fé var undir áætlun á tímabilinu og var neikvæð um 102 m.kr. samanborið við 189 m.kr. sem áætlunin hljóðaði upp á. Frávikið skýrist af því að skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar skilaði -3,31% ávöxtun á tímabilinu en safnið er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf. Ávöxtun peningamarkaðsinnlána, lausfjársjóða og víxla nam um 124 m.kr. á tímabilinu.

Reykjavíkurborg ávaxtar allt laust fé miðað við sjóðsþörf A-hluta á hverjum tíma og velur ávöxtunarleið samkvæmt reglum um fjárstýringu og þau kjör sem bjóðast og er þannig reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta. Meginvextir Seðlabankans hafa haldið áfram að hækka það sem af er ári og eru 5,50% í lok tímabilsins.




Skuldabréfaútgáfa Reykjavíkurborgar nam 12.586 m.kr. á tímabilinu, þar af voru 9.912 m.kr. gefin út í skuldabréfaflokknum RVK 32 1, 2.042 m.kr. í græna skuldabréfaflokknum RVKG 48 1, 304 m.kr. í skuldabréfaflokknum RVKN 35 1 og að lokum 328 m.kr. í skuldabréfaflokknum RVK 53 1. Á þriðja ársfjórðungi var samið við Landsbankann um langtíma lánarammi að fjárhæð 6.000 m.kr. en ekki var dregið á hann á tímabilinu.

Verðtryggð skuldabréfaútgáfa A-hluta eru 71% og hefur hlutfallið hækkað það sem af er ári þar sem lántaka á árinu 2022 hefur nær eingöngu verið verðtryggð vegna markaðsaðstæðna. Verðtryggð skuldabréfaflokkurinn RVK 53 1 er enn stærstur eða 35% af útgefnum skuldabréfum.



Greiðslur afborgana og vaxta af útgefnum skuldabréfum A-hluta nema samtals 7.273 m.kr. á árinu 2022. Myndin hér að ofan sýnir framtíðargreiðsluferill útgefina skuldabréfa miðað við stöðu og verðlag í lok tímabilsins

Virkir vextir af langtímalánum eru vegnir vextir hversrar útgáfu af heildarútgáfu í sérhverjum skuldabréfaflokki. Virkir vextir óverðtryggða lána standa nú í 4,40% og eru nánast óbreyttir á árinu. Virkir vextir verðtryggðra lána lækkuðu á tímabilinu og eru nú 2,72% og hafa lækkað úr 3,02%. Ávöxtunarkröfur verðtryggðra skuldabréfa í útboðum var með lægsta móti í byrjun árs en fóru svo hækkandi eftir því sem leið á árið.



2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að stórum hluta verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Lántaka ársins 2022 hefur að mestu leyti verið verðtryggð sem eykur verðbólguáhættu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir en þær eru að megninu til í verðtryggðum markaðsskuldabréfum í verðbréfasafni í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Kostnaðurinn vegna aukinnar verðbólgu hefur verið áætlaður 740 m.kr. á ári fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Lausafjárahætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg er ekki með neinar virkar lánalínur en hafði aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 6 milljarðar í lok júní 2022. Yfirdráttarheimildir voru nýttar á tímabilinu til að jafna sveiflur sjóðsstreymi.

2.4.2. Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur á síðustu árum unnið kerfisbundið að því að taka upp virka stýringu lána og lausafjár með tillögum um breytingar á fjárstýringarreglum, verklagi og heimildum fjármálastjóra innan þeirra marka sem sveitarstjórnarlög veita. Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í þessum efnum:

1. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í febrúar 2017 til að kaupa hlutdeildarskírteini í lausafjár sjóðum þar sem fjárfestingarstefna þeirra er í takti við fjárfestingarheimildir sem settar eru í reglum um fjárstýringu. Tilgangurinn var að auka sveigjanleika í daglegri lausafjárstýringu með auknum valmöguleikum og minni bindingu en í tilfelli bundinna innlána og peningamarkaðsinnlána án þess að gefa afslátt á ávöxtunarkröfu. Öll hlutdeildarskírteini í lausafjár sjóðum voru seld í júní. Ávöxtun þessara sjóða lækkaði talsvert á milli ára. Fyrri hluta árs voru keyptir ríkisvixlar en búið að selja þá stöðu í júlí. Peningamarkaðsinnlán hjá viðskiptabönkunum voru að mestu nýtt við lausafjár ávöxtun á tímabilinu.
2. Reykjavíkurborg átti í september viðræður við Landsbankann hf. um lánaramma. Í lok september kom tilboð frá Landsbankanum um lánaramma að fjárhæð 6.000 m.kr. Í byrjun október var samningur við Landsbankann samþykktur í borgarráði. Ekki var búið að draga á lánsheimildina í lok september.

Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra. Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættalausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbandingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Eiginfjárhlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappól fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárhlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárhlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárhlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánaðrottum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárhlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárhlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframléiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárhlutfall samstæðunnar.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádregnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarhreyfinga.

Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímakröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Jafnvægisviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærra en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki séu ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðun. Þetta ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lyklatríði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrækum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum. Orku- og veitufyrirtæki eru ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðu. Þetta síðasttalda ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrækum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum

undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrækum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Veltufjárhluftall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.

Janúar - september 2022 (m. kr.)	A hluti	Aflvæki	Faxaflíðahafnir	Félagsbústaðir	Maðlkunarstöðin Höfði	Þróttá- og sýningahöllin	Jafnaunastofa	Orkuveita Reykjavíkur	Sliðkvillill höfudsv.	Sorpa	Strætó	Þjófariðkvangur	A- og B-hluti
Eignarhlutur / ábyrgðahlutur Rvk	-	95,70%	75,55%	100,00%	100,00%	50,00%	50,00%	93,539%	60,82%/56,401%	58,3%/56,401%	60,3%/56,401%	50,00%	-
Rekstrarkjör	111.987	0	4.013	4.225	2.225		74	41.050	3.172	4.398	6.695	34	161.497
Rekstrargjöld	119.443	0	2.961	2.427	2.427		64	25.965	3.090	3.533	7.519	7	151.244
Afskriftir	5.181	0	713	13	13		1	10.449	92	300	226	0	16.694
Fjármagnslíðir	-3.627	0	12	-5.070	-5.070		0	-9.791	-10	-180	-246	0	-23.260
Nettó vextir	3.918	0	12	-764	-764		0	-6.038	7	-64	-161	0	-8.964
EBIT	-7.457	0	1.052	1.797	1.797		10	15.084	81	864	-824	27	10.253
EBITDA	-2.276	0	1.764	1.810	1.810		11	25.533	174	1.164	-597	27	26.947
Hagnaður (- tap)	-11.084	0	3.131	16.750	16.750		10	4.744	71	684	-1.069	27	6.777
Fastafjármunir	214.309	2	13.732	148.398	148.398	2.705	2	390.006	2.207	7.820	2.232	0	759.743
Veltufjármunir	31.619	9	4.621	724	749	635	17	35.656	981	2.247	1.138	17	74.643
Heildareignir	245.928	11	18.353	149.122	149.122	3.454	19	425.663	3.189	10.067	3.370	17	834.386
Skammtímaskuldur	31.020	0	364	2.002	2.002	97	8	30.437	505	1.701	1.927	1	65.669
Langtímaskuldur	98.718	0	0	54.393	83	2.281	0	156.035	208	2.220	1.669	0	312.883
Næsta árs afborg + fjárm-gjöld	5.511	0	0	1.017	30	54	0	18.587	15	248	106	0	25.711
Skuldbindingar	35.379	0	0	8.665	35	246	0	18.214	0	465	0	0	59.197
Heildarskuldur	165.117	0	364	65.061	386	2.623	8	204.686	714	4.387	3.596	1	437.749
Eigið fé 01.01.	91.895	10	15.625	67.311	1.505	919	0	213.653	2.404	4.996	844	-10	383.264
Eigið fé 30.09.	80.811	11	17.990	84.061	1.345	830	11	220.977	2.475	5.681	-226	16	396.637
Skuldir og eigið fé	245.928	11	18.353	149.122	1.731	3.454	19	425.663	3.189	10.067	3.370	17	834.386
Handbært fé frá rekstri	5.462	0	1.638	1.088	71	178	19	19.271	164	986	-142	20	23.568
Fjárfestingahreyfingar	-15.032	0	390	0	-119	-6	-3	-15.222	-52	-181	-54	0	-32.384
Ný langtímalán, leigusamm. og stofnframlög	10.508	0	0	1.161	0	0	0	7.059	0	0	400	0	19.011
Greiðdar afborganir	-3.447	0	0	-904	-8	-37	0	-9.993	-7	-123	-56	0	-14.499
Nytt framlag eigenda	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiðdur arður	0	0	-766	0	0	0	0	-4.000	0	0	0	0	-258
Staða á handbæru fé 30.09.	12.605	0	3.171	257	261	671	17	7.499	863	1.167	614	15	25.202
Veltuð frá rekstri	868	0	1.780	1.033	-100	164	11	19.602	180	1.101	-758	27	18.906

Eignarfjárlutfall	32,9%	98,0%	56,4%	77,7%	24,0%	57%	51,9%	77,6%	6,7%	56,4%	-6,7%	94,9%	47,5%
Arðsemi eigin fjár	-16,1%	9,1%	0,36	-14,2%	-12,8%	4255%	2,10	1,20	3,9%	18,3%	-169,0%	-345,7%	
Veltufjárlutfall	1,02	12,71	0,36	2,36	7,73	2,10	2,10	1,20	1,94	1,32	0,59	19,53	1,14
Langtímaskuldur/eigið fé	122,2%	0,0%	2,31	6,1%	274,6%	0%	0%		8,4%	39,1%	-739,6%	0,0%	78,9%
Vaxtabela, EBIT/netto vextir			1,07										
Skuldabela, EBIT/(gr. afb. +netto vextir)			40,50										
Uppgreiðslutími			24,5%										
Veltuð frá rekstri/rekstrarkjörum	0,8%	44,3%	24,5%	-10,2%	38,7%	15%	15%	5,7%	5,7%	25,0%	-11,3%	79,5%	11,7%
Framleggð/rekstrarkjör	-2,0%	44,0%		-10,1%	51,9%	15%	15%	5,5%	5,5%	26,5%	-8,9%	79,5%	16,7%

SKÝRÐÆÐ

Eignarfjárlutfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapþoll).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárlutfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að inni af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

Langtímaskuldur/eigið fé Langtímaskuldur á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsetningu fyrirtækis.

Vaxtabela, EBIT/netto fjárm. Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnslíði á móti vaxtagreiðslum

Vaxtabela, EBITDA/netto fjárm. Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum

Skuldabela, EBIT/(gr. afb. +netto fjárm.) Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnslíði á móti afborgunum og vaxtagreiðslum

Skuldabela, EBITDA/(gr. afb. +netto fjárm.) Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (ár) Langtímaskuldur á móti veltuð frá rekstri.

Viðauki 2: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks nam 14.296 m.kr. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþrótt- og tólmundastýrðar við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins. Tekjur sem komu á móti voru 6.648 m.kr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 7.647 m.kr. eða á 129 m.kr. yfir fjárheimildum.

Málefni fatlaðs fólks janúar - september 2022			
Tekjur:	í m.kr.	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		5.145	5.034
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		0	0
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		0	0
Útsvarstekjur 0,25% RVK		1.334	1.340
þjónustutekjur		96	54
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		72	17
Tekjur alls		6.648	6.446
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		9.137	9.055
Húsaleiga		412	380
Annar rekstrarkostnaður		336	730
NPA þjónusta		973	916
þjónustugjöld (samningar)		2.915	2.280
Stjórnunarkostnaður		40	47
Lengd viðvera ÍTR		121	136
Lengd viðvera SFS		362	421
Gjöld alls		14.296	13.965
Niðurstaða		-7.647	-7.519

Hjúkrunarheimili Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur hafa verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Á tímabilinu janúar-september 2022 var rekstur hjúkrunarheimila neikvæður um 375 m.kr. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsöfnuð útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur frá árinu 2008 til loka september 2022.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Útgjöld umfram tekjur 2008-2022_09 (í m.kr. á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
2017	185	86	270
2018	170	86	256
2019	187	120	306
2020	315	133	448
2021	208	129	337
2022_06	285	90	375
Samtals	2.681	1.438	4.119

Tónlistarskólar Útgjöld voru um 1.110 m.kr. Útgjöld fyrir kennslustundir sem Reykjavíkurborg kaupir voru 877 m.kr. hjá tónlistarskólum vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik. Fyrir kennslustundir sem ríkið kaupir í gegnum Jöfnunarsjóð voru útgjöld 233 m.kr.

Viðauki 3: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 198 m.kr. meira en áætlað var og greiðir m.kr. meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Frávik	%
Hlud. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	4.325	4.128	196	4,7%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	5.560	5.308	252	4,7%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	9.885	9.437	448	4,7%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	5.145	5.034	111	2,2%
Framlag vegna sérskóla	1.213	1.240	-27	-2,2%
Framlag vegna tónlistarskóla	233	231	1	0,6%
Framlag vegna samþættingar þjónustu í þágu barna	299	179	120	n/a
Annað	29	36	-7	-18,1%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	6.920	6.721	198	3,0%
Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-2.965	-2.715	-250	9,2%